

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – desember 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2006 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 65,7 milljarða króna innan ársins, sem er 33,7 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust tæpum 40 milljörðum hærrí en í fyrra, ef undanskildar eru tekjur vegna sölunnar á Landssímanum hf., á meðan gjöldin hækka um rúma 6 milljarða milli ára.

### Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar–desember (Í milljónum króna)

|  | <u>2002</u>    | <u>2003</u>    | <u>2004</u>    | <u>2005</u>    | <u>2006</u>    |
|--|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Innheimtar tekjur                        | 233.762        | 259.783        | 280.696        | 399.289        | 381.336        |
| Greidd gjöld                             | 246.810        | 268.714        | 280.382        | 308.382        | 314.716        |
| <b>Tekjujöfnuður</b>                     | <b>-13.048</b> | <b>-8.931</b>  | <b>315</b>     | <b>90.905</b>  | <b>66.619</b>  |
| Sóluhagn. af hlutabréfum og eignarhlutum | -3.252         | -10.177        | -              | -57.605        | -384           |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda | 1.688          | 9.836          | -607           | -1.286         | -516           |
| <b>Handbært fé frá rekstri</b>           | <b>-14.612</b> | <b>-9.272</b>  | <b>-292</b>    | <b>32.014</b>  | <b>65.719</b>  |
| <b>Fjármunahreyfingar</b>                | <b>10.478</b>  | <b>21.115</b>  | <b>22.700</b>  | <b>49.874</b>  | <b>-91.154</b> |
| <b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>          | <b>-4.134</b>  | <b>11.843</b>  | <b>22.408</b>  | <b>81.888</b>  | <b>-25.435</b> |
| <b>Afborganir lána</b>                   | <b>-32.298</b> | <b>-30.702</b> | <b>-32.477</b> | <b>-62.305</b> | <b>-46.097</b> |
| Innanlands                               | -12.217        | -18.252        | -7.291         | -14.596        | -23.223        |
| Erlendis                                 | -20.081        | -12.450        | -25.186        | -47.709        | -22.873        |
| <b>Greiðslur til LSR og LH</b>           | <b>-9.000</b>  | <b>-7.500</b>  | <b>-7.500</b>  | <b>-5.482</b>  | <b>-4.000</b>  |
| <b>Lánsfjárfjöfnuður, brúttó</b>         | <b>-45.432</b> | <b>-26.359</b> | <b>-17.569</b> | <b>14.101</b>  | <b>-75.531</b> |
| <b>Lántökur</b>                          | <b>42.914</b>  | <b>24.749</b>  | <b>25.867</b>  | <b>10.234</b>  | <b>115.713</b> |
| Innanlands                               | 12.361         | 28.334         | 9.740          | 10.234         | 25.892         |
| Erlendis                                 | 30.553         | -3.584         | 16.127         | -              | 89.821         |
| <b>Greiðsluafkoma ríkissjóðs</b>         | <b>-2.518</b>  | <b>-1.610</b>  | <b>8.298</b>   | <b>24.335</b>  | <b>40.182</b>  |

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 381 ma.kr. á árinu 2006. Á árinu 2005 voru tekjurnar 399 ma.kr. en sé 57 ma.kr. söluhagnaðurinn af Landssímanum undanskilinn voru þær 342 ma.kr. og jukust um 39 ma.kr. milli ára eða 11,3%. Aukningin verður 10,4% ef einnig er leiðrétt fyrir tilfærslu á innheimtum tekjuskatti lögaðila um sl. áramót. Þannig leiðrétt jukust skatttekjur og tryggingagjöld um 11,5% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 6,8% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 4,4%.

Innheimta skatta á tekjur og hagnað nam 126 ma.kr. og jókst um 25 ma.kr. frá síðasta ári, eða 24,5%. Tekjuskattur einstaklinga var 78 ma.kr. og jókst um 13,3% en lögaðilar greiddu 31 ma.kr. sem er 82,8% aukning (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu). Innheimtur fjármagnstekjuskattur nam 16,6 ma.kr. og dróst saman um 1,8% milli ára, en fjármagnstekjuskattur vegna sölu Landssímans myndaði 5,6 ma.kr. tekjur fyrir ríkissjóð í september í fyrra. Sé litið fram hjá þeim eina lið jókst fjármagnstekjuskattur á tímabilinu um 46,8% milli ára. Innheimt tryggingagjöld jukust um 15,4% milli ára, eða 5,4% umfram hækkan launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 9 ma.kr. sem er 38% minna en á sama tímabili í fyrra. Að mestu eru þetta stimpilgjöld eða 7 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur dregist saman um 21% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 176 ma.kr. á síðasta ári og jókst um 9,0% að nafnvirði frá fyrra ári eða 4,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti jukust um 10,1% sem jafngildir 3,2% raunaukningu. Vegna laga-breytingar í upphafi ársins sem fól í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Sé horft á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánaða kemur fram raunvöxtur tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu náði hámarki í árslok 2005 en á þessu ári hefur hægt jafnt og þétt á vextinum. Aðrir veltuskattar en virðisaukaskattur nema um þriðjungi af veltusköttum í heild. Þessir skattar hafa dregist saman að raunvirði á síðustu mánuðum, og er þá miðað við hreyfanlegt meðaltal yfir nokkra mánuði.

### Tekjur ríkissjóðs janúar–desember 2006

|                                      | Í milljónum króna |                |                | Breyting frá fyrra ári, % |             |              |
|--------------------------------------|-------------------|----------------|----------------|---------------------------|-------------|--------------|
|                                      | 2004              | 2005           | 2006           | 2004                      | 2005        | 2006         |
| <b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b> | <b>260.736</b>    | <b>314.820</b> | <b>354.209</b> | <b>13,0</b>               | <b>20,7</b> | <b>12,5</b>  |
| <b>Skattar á tekjur og hagnað</b>    | <b>82.518</b>     | <b>101.341</b> | <b>126.192</b> | <b>10,5</b>               | <b>22,8</b> | <b>24,5</b>  |
| Tekjuskattur einstaklinga            | 62.621            | 69.056         | 78.228         | 11,6                      | 10,3        | 13,3         |
| Tekjuskattur lögaðila                | 10.922            | 15.384         | 31.369         | 8,3                       | 40,9        | 103,9        |
| Skattur á fjármagnstekjur            | 8.975             | 16.901         | 16.595         | 5,5                       | 88,3        | -1,8         |
| <b>Eignarskattar</b>                 | <b>12.046</b>     | <b>14.906</b>  | <b>9.172</b>   | <b>37,4</b>               | <b>23,7</b> | <b>-38,5</b> |
| <b>Skattar á vöru og þjónustu</b>    | <b>133.921</b>    | <b>161.210</b> | <b>175.692</b> | <b>13,0</b>               | <b>20,4</b> | <b>9,0</b>   |
| Virðisaukaskattur                    | 91.098            | 111.205        | 122.400        | 13,5                      | 22,1        | 10,1         |
| Vörugjöld af ökutækjum               | 6.074             | 10.250         | 10.230         | 37,4                      | 68,8        | -0,2         |
| Vörugjöld af bensini                 | 8.320             | 8.783          | 8.995          | 11,5                      | 5,6         | 2,4          |
| Skattar á olíu                       | 5.825             | 4.015          | 6.553          | 17,5                      | -31,1       | 63,2         |
| Áfengisgjald og tóbaksgjald          | 10.217            | 10.560         | 11.371         | 3,3                       | 3,4         | 7,7          |
| Aðrir skattar á vöru og þjónustu     | 12.386            | 16.397         | 16.142         | 7,4                       | 32,4        | -1,6         |
| <b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>    | <b>3.052</b>      | <b>3.474</b>   | <b>4.170</b>   | <b>16,0</b>               | <b>13,8</b> | <b>20,0</b>  |
| <b>Aðrir skattar</b>                 | <b>1.448</b>      | <b>1.641</b>   | <b>1.758</b>   | .                         | <b>13,3</b> | <b>7,2</b>   |
| <b>Tryggingagjöld</b>                | <b>27.751</b>     | <b>32.249</b>  | <b>37.226</b>  | <b>10,2</b>               | <b>16,2</b> | <b>15,4</b>  |
| <b>Fjárframlög</b>                   | <b>700</b>        | <b>760</b>     | <b>1.668</b>   | <b>-50,2</b>              | <b>8,6</b>  | <b>119,6</b> |
| <b>Aðrar tekjur</b>                  | <b>18.804</b>     | <b>25.189</b>  | <b>24.506</b>  | <b>16,7</b>               | <b>34,0</b> | <b>-2,7</b>  |
| <b>Sala eigna</b>                    | <b>456</b>        | <b>58.519</b>  | <b>953</b>     | -                         | -           | -            |
| <b>Tekjur alls</b>                   | <b>280.696</b>    | <b>399.288</b> | <b>381.336</b> | <b>8,1</b>                | <b>42,2</b> | <b>-4,5</b>  |

**Greidd gjöld** nema 314,7 milljörðum króna og hækka um 6,3 milljarða frá fyrra ári. Frávik eru meiri á einstökum liðum. Vaxtagreiðslur lækka um 7,8 milljarða, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl 2005. Þá lækkar greiddur fjármagnstekjuskattur um 5,8 milljarða milli ára vegna sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Landssímanum hf. í fyrra. Að vaxtagreiðslum og fjármagnstekjuskatti undanskildum hækka gjöldin um 20 milljarða eða 7%. Þar munar mest um 6,7 milljarða hækkun heilbrigðismála og 4,4 milljarða til almannatrygginga- og velferðarmála. Þá hækka greiðslur til almennar opinberrar þjónustu um 3,9 milljarða og til menntamála um 3,2 milljarða.

### Gjöld ríkissjóðs janúar–desember 2006

|                                     | Í milljónum króna |                |                | Breyting frá fyrra ári, % |            |
|-------------------------------------|-------------------|----------------|----------------|---------------------------|------------|
|                                     | 2004              | 2005           | 2006           | 2005                      | 2006       |
| Almenn opinber þjónusta             | 45.933            | 59.009         | 49.295         | 28,5                      | -16,5      |
| Þar af vaxtagreiðslur               | 14.152            | 13.420         | 9.884          | -5,2                      | -26,3      |
| Heilbrigðismál                      | 74.261            | 79.362         | 86.109         | 6,9                       | 8,5        |
| Almannatryggingar og velferðarmál   | 67.359            | 69.697         | 74.127         | 3,5                       | 6,4        |
| Efnahags- og atvinnumál             | 41.799            | 43.608         | 42.539         | 4,3                       | -2,5       |
| Menntamál                           | 26.375            | 30.340         | 33.557         | 15,0                      | 10,6       |
| Menningar-, íþrótt- og trúmál       | 12.242            | 12.742         | 13.861         | 4,1                       | 8,8        |
| Löggæsla, réttargæsla og öryggismál | 8.959             | 9.684          | 11.047         | 8,1                       | 14,1       |
| Umhverfisvernd                      | 3.194             | 3.494          | 3.755          | 9,4                       | 7,5        |
| Húsnæðis- skipulags- og veitumál    | 260               | 446            | 427            | 71,4                      | -4,3       |
| <b>Gjöld alls</b>                   | <b>280.382</b>    | <b>308.382</b> | <b>314.717</b> | <b>10,0</b>               | <b>2,1</b> |

**Lántökur ársins** nema 115,7 milljörðum króna og skýrast að mestu af erlendri lántöku að fjárhæð 1 milljarður evra, til styrkingar gjaldeyrisforða Íslands. Andvirði lánsins um 90 milljarðar króna var endurlánað til Seðlabanka Íslands sem hefur umsjón með gjaldeyrisforðanum. Skýrir það jafnframt 91 milljarða útstreymi fjármunahreyfinga.

Greiddir voru 4 milljarðar til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.